

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017.

(vanrækslugjald)

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

1. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. bætist svohljóðandi málslíður: Um endurskoðun álagningar vanrækslugjalds fer þó eftir ákvæðum 30. gr. a.

2. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Vanrækslugjald.

Farþega í almenningssamgöngum ber að framvísa farmiða eða sýna með öðrum gildum hætti fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður flutningsaðila eftir því. Farþega ber einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér með öðrum fullnægjandi hætti, óski starfsmaður flutningsaðila eftir því til að kanna hvort rétt fargjald hafi verið greitt eða til álagningar vanrækslugjalds, sbr. 2. mgr. Flutningsaðili getur óskað aðstoðar lögreglu við að framfylgja skyldum farþega samkvæmt þessari grein ef þörf krefur.

Geti farþegi í almenningssamgöngum ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds er flutningsaðila heimilt að leggja á hann vanrækslugjald. Vanrækslugjald getur numið allt að 30.000 kr. Breyta má fjárhæð gjaldsins til samræmis við almennar breytingar á verðlagi. Sé vanrækslugjald ekki greitt innan 14 daga er heimilt að hækka það um 50%. Gera má fjárnám til tryggingar greiðslu vanrækslugjalds án undangengins dóms eða sáttar.

Nánari reglur um fjárhæð vanrækslugjalds og í hvaða tilvikum heimilt er að leggja það á skulu koma fram í sérstakri gjaldskrá flutningsaðila sem staðfest er af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Vanrækslugjald rennur til flutningsaðila.

Telji farþegi að ákvörðun um álagningu vanrækslugjalds hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik getur hann óskað eftir því að flutningsaðili taki álagninguna til endurskoðunar. Ósk um endurskoðun álagningar skal berast flutningsaðila innan þriggja mánaða frá álagningu gjaldsins og skal niðurstaða flutningsaðila liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að ósk um endurskoðun berst. Niðurstöðu flutningsaðila má kæra til Samgöngustofu í samræmi við ákvæði VII. kafla stjórnsýslulaga.

Reglur um álagningu vanrækslugjalds skulu vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á heimasíðu flutningsaðila og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Greiðsla fargjalda í almenningssamgöngum, þ.e. reglubundnum farþegaflutningum, hefur á undanförunum árum færst í auknum mæli frá því að farþegar greiði fargjald hjá vagnstjóra yfir í fyrirframgreidd kort eða rafrænar lausnir. Eftirlit með því að hver og einn farþegi hafi greitt fargjald er hins vegar enn að mestu í höndum vagnstjóra þegar farþegi stígur um borð. Þetta fyrirkomulag stendur í vegi fyrir því að hægt sé að auka skilvirkni, stytta biðtíma á biðstöðvum og efla þannig þjónustu við farþega. Augljóst hagræði væri af því ef farþegar gætu stigið inn í vagninn um hvaða dyr sem er og þyrftu ekki að sýna vagnstjóra fram á greiðslu fargjalds, enda er framkvæmdin sú víðast hvar í nágrannalöndunum.

Til að svo megi verða þarf að taka upp annars konar eftirlit þar sem eftirlitsmenn flutningsaðila kanna greiðslu fargjalda hjá slembiúrtaki farþega. Skýra lagaheimild skortir hins vegar fyrir því að flutningsaðili geti krafist þess af farþega að hann sýni fram á að hafa greitt fargjald á meðan á ferð stendur. Þá skortir einnig lagaheimild til þess að beita þá farþega viðurlögum sem ekki hafa greitt fargjaldið.

Til að styðja við frekari þróun á þessu sviði er því nauðsynlegt að kveða með skýrum hætti í lögum á um skyldu farþega til að framvísa gildum farmiða eða sýna með öðrum hætti fram á rétt til flutnings, ef eftir því er leitað, sem og rétt flutningsaðila til að sannreyna að fargjald hafi verið greitt. Þá þarf einnig heimild til þess að leggja vanrækslugjald á farþega sem ekki geta sýnt fram á greiðslu fargjalds og skýr ákvæði um endurskoðun slíkra ákvarðana.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni lagasetningarinnar er að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum með það að markmiði að efla þjónustu við notendur án þess að því fylgi verulegt tekjutap flutningsaðila. Kallar það á að lögfestingu tiltekinna grundvallaratriða er varða skyldur farþega og heimildir flutningsaðila á þessu sviði.

3. Meginefni frumvarpsins.

Bætt verður við gildandi lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, skýrri heimild flutningsaðila til að kanna hvort farþegar í almenningssamgöngum hafi greitt fargjald og jafnframt skýrri skyldu farþega til að framvísa farmiðum eða öðrum skjölum því til staðfestingar. Jafnframt felur frumvarpið í sér heimild til að leggja sérstakt vanrækslugjald á þá farþega sem það geta ekki gert.

Kveðið er á um hámarksfjárhæð vanrækslugjalds í frumvarpinu en nánari útfærsla á fjárhæð þess og þeim tilvikum þar sem heimilt er að leggja það á skulu koma fram í sérstakri gjaldskrá flutningsaðila sem staðfest er af ráðherra. Með þessum heimildum verður flutningsaðilum í almenningssamgöngum gert kleift að auka og einfalda aðgengi að vögnunum en beita jafnframt skilvirku eftirliti með greiðslu fargjalda.

Það skal tekið fram að farþegar munu geta óskað eftir því að flutningsaðili endurskoði grundvöll álagningarinnar telji þeir hana byggja á röngum forsendum og jafnframt munu þeir geta kært niðurstöðu flutningsaðila til Samgöngustofu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði frumvarpsins hafa ekki gefið tilefni til slíks mats.

5. Samráð.

(Kemur síðar.)

6. Mat á áhrifum.

Verði frumvarpið að lögum mun opna fyrir bætta þjónustu í almenningssamgöngum en um leið veita skýrari heimildir til eftirlits með greiðslu fargjalda, sem draga á úr hættu á tekjutapi flutningsaðila.

Áhrif á stjórnsýslu eru talin einhver þar sem gera má ráð fyrir auknum fjölda kæra til Samgöngustofu á grundvelli ákvæða nýrrar 30. gr. a. Fjárhagsleg áhrif þess á ríkissjóð eru hins vegar talin óveruleg og innan núverandi útgjaldaramma.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 22. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi eru ákvæði um hvernig farþegar eða aðrir sem hagsmuna eiga að gæta geta kvartað til Samgöngustofu telji þeir að flytjandi hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögunum. Þessi kvörtunarleið hentar hins vegar ekki vel sem kæruleið fyrir þá sem kæra vilja álagningu vanrækslugjalds. Því er í nýrri 30. gr. a mörkuð sérstök kæruleið fyrir þá sem kæra vilja álagningu gjaldsins og þau mál undanskilin málsmeðferð 22. gr.

Um 2. gr.

Í greininni eru ný ákvæði um skyldu farþega í almenningssamgöngum til að sýna fram á greiðslu fargjalds, sé óskað eftir því, álagningu vanrækslugjalds geti farþegi það ekki og kæruleið í því sambandi. Vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu varðandi tilefni og tilgang þeirra breytinga.

Í 1. mgr. er nánar kveðið á um skyldu farþega til að framvísa farmiða eða sýna með öðrum gildum hætti fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður flutningsaðila eftir því. Munu farþegar því þurfa að halda til haga farmiða sínum eða annars konar staðfestingum á greiðslu fargjalds þar til ferð er lokið og jafnframt framvísa sönnun á greiðslu fargjalds, óski starfsmaður flutningsaðila eftir því. Þá ber farþegum einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér með öðrum fullnægjandi hætti, telji starfsmaður flutningsaðila

þörf á því til staðfestingar á því að rétt fargjald hafi verið greitt eða til álagningar vanrækslugjalds. Sem dæmi um hið fyrra er ef farþegi framvísar árskortir sem gefið er út til tiltekins einstaklings. Loks er í 1. gr. kveðið á um að flutningsaðili geti óskað aðstoðar lögreglu við að framfylgja skyldum farþega samkvæmt framangreindu geri þeir það ekki sjálfviljugir.

Ákvæði 2. mgr. snýr að vanrækslugjaldi, álagningu og innheimtu þess. Er flutningsaðila samkvæmt því heimilt að leggja vanrækslugjald á þá farþega sem ekki geta sýnt fram á að þeir hafi greitt rétt fargjald, hvort sem er með framvísun á gildum farmiða eða staðfestingu á greiðslu fargjalds með öðrum hætti, á meðan á ferð stendur. Farþegi ber sjálfur áhættuna af því ef hann týnir farmiða eða ef aðrar aðstæður hamla því að hann geti sýnt fram á greiðslu fargjalds þegar þess er óskað, s.s. ef farsími hans er rafmagnslaus. Hins vegar væri flutningsaðila heimilt í sérstakri gjaldskrá sinni að kveða á um niðurfellingu vanrækslugjalds að hluta eða öllu leyti ef farþegi getur síðar sýnt fram á að fargjaldið hafi sannarlega verið greitt. Rétt er að taka fram að ákvæðið felur í sér heimild til að leggja vanrækslugjald á alla gjaldskylda farþega sem ekki geta sýnt fram á greiðslu fargjalds, þar með talið börn.

Samkvæmt 3. mgr. skulu nánari reglur um fjárhæð vanrækslugjalds og þau tilvik þegar heimilt er að leggja það á koma fram í sérstakri gjaldskrá flutningsaðila en vanrækslugjaldið rennur til flutningsaðilans. Með sérstakri gjaldskrá er átt við gjaldskrá sem aðeins tekur til álagningar vanrækslugjalds en ekki fargjalda flutningsaðilans að öðru leyti. Gjaldskráin er lögð fyrir ráðherra til staðfestingar og hefur ráðherra því eftirlit með því að gjaldskráin sé innan ramma laganna.

Í 4. mgr. er mörkuð sérstök kæruleið vegna álagningar vanrækslugjalds. Telji farþegi að álagning gjaldsins hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik getur hann óskað eftir því að flutningsaðili taki álagninguna til endurskoðunar. Niðurstöðu flutningsaðila getur hann síðan skotið til Samgöngustofu. Niðurstaða Samgöngustofu er endanleg innan stjórnsýslunnar.

Mikilvægt er að tryggja að farþegar geti með auðveldum hætti kynnt sér þær reglur sem gilda um fargjöld og álagningu vanrækslugjalds, sé slíkt kerfi tekið upp. Því er kveðið á um það í 5. mgr. að reglur um álagningu vanrækslugjalds skulu vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á heimasíðu flutningsaðila og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.